


## Skýrsla framkvæmdastjóra

Lögð fram á stjórnarfund 428 mánudaginn 22. júní 2020

Skýrsla framkvæmdastjóra rekur helstu mál sem verið hafa á döfnni í starfi framkvæmdastjóra frá síðasta stjórnarfund

- Engin sérstök vandamál hafa komið upp í rekstri frá síðasta fundi.
- Töluverð vinna hefur verið lögð í að mæta kröfum um framlagningu tölvupósta frá vorinu 2018 þegar yfir stóð mat á tilboðum verktaka í byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar. Leita þurfti eftir afstöðu hlutaðeigandi lögaðila varðandi framlagningu póstanna. Í þessu samhengi leitaði framkvæmdastjóri eftir almennri álitsbeiðni Sigurðar Más Eggertssonar persónuverndarfulltrúa SORPU um upplýsingarétt skv. upplýsingalögum. Þar kemur m.a. fram: "5. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 boðar lögfestan **rétt almennings** til aðgangs að fyrirliggjandi gögnum stjórnvalds með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í 6. – 10. gr. laganna. Í lögnum er ekkert skilyrði um að viðkomandi þurfi að rökstyðja eða sýna fram á hvernig hann ætlar sé að nota þær upplýsingar sem liggja fyrir í umbeðnum gögnum og geta stjórnvöld því ekki farið fram á að tilgreindar séu ástæður upplýsingabeiðni. Ef nefndar takmarkanir á upplýsingarétti almennings í 6. – 10. gr. upplýsingalaga eiga aðeins við um hluta gagns skal almennt veita aðgang að öðrum hlutum þess." Það er mat framkvæmdastjóra að ráðast þurfi í töluverða vinnu innan samlagsins til að kanna getu þess að mæta kröfum upplýsingalaga og eftir atvikum innleiða innviði og verklag til að tryggja að mæta megi þeim kröfum með sem hagkvæmustum hætti. Í framhaldi mætti nýta heimildir í 18. gr. Upplýsingalaga um að skilgreina gjaldskrá til að mæta kostnaði við vinnu starfsmanna við að taka saman gögn og afhenda þau.
- Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) vinnur að útgáfu starfsleyfis fyrir GAJA og gaf út undanþágu til að hefja prófanir í stöðinni, á meðan unnið er að endanlegum frágangi starfsleyfis. Umhverfisráðuneytið gerði athugasemdir við útgáfu HER á þessari undanþágu og var hún þá dregin tilbaka. Um leið var sótt um undanþáguna til Umhverfisráðuneytisins og þar er hún í vinnslu. Vonast er til þess að þessi ágreiningur um valdmörk opinberra stofnana valdi ekki töfum á gangsetningu GAJA, enda er ný vinnslulína MTFS í Gufunesi í prufukeyrslu næstu daga.
- Nýtt skipurit samlagsins er að taka á sig endanlegt form, sjá hjálagða mynd:



Auglýst hefur verið eftir umsóknum í tvær ómannaðar stöður í skipuritinu, sérfræðings í samskiptum og samfélagsvirkni á skrifstofu framkvæmdastjóra, og sérfræðingi í innkaupum á fjármálasviði. Að öðru leyti er þeim skipulagsbreytingum sem staðið hafa yfir lokið.